



# Dalapósturinn

6. tölublað, 5. árgangur  
2012

---

## Flokksstjóri vinnuskóla og störf í Vinnuskólanum.

Umsóknarfrestur hefur verið framlengdur til 31. maí.

## Tímabundin störf fyrir námsmenn og atvinnuleitendur

Umsóknarfrestur hefur verið framlengdur til 31. maí.

## Grunnskólakennari og leikskólakennarar

Umsóknarfrestur er til 26. maí.

## Deildarstjóri á leikskóla

Umsóknarfrestur er til 31. maí.

## Hjúkrunarforstjóri

Umsóknarfrestur er til og með 31. maí.

*Umsóknareyðublöð eru á heimasíðu Dalabyggðar  
([www.dalir.is](http://www.dalir.is)) og á skrifstofu Dalabyggðar.*

---

Ábyrgðarmaður: Sveinn Pálsson, sveitarstjóri.  
Dalabyggð, Miðbraut 11, 370 Búðardalur

---

# Ársreikningur 2011

Ársreikningur Dalabyggðar fyrir árið 2011 var samþykktur við síðari umræðu í sveitarstjórn 15. maí.

Rekstrarniðurstaða var jákvæð um 8,6 millj. kr. sem er töluvert betri niðurstaða en gert var ráð fyrir. Rekstrartekjur voru 8,1 millj. kr. hærrí og rekstargjöld um 30 millj. kr. lægri en gert var ráð fyrir.

Rekstrartekjur Dalabyggðar á árinu 2011 voru fyrir A og B hluta 582,2 millj. kr. en rekstrargjöld 546,2 millj. kr. Rekstrarniðurstaða án fjármagnstekna og fjármagnsgjalda var jákvæð um 36,0 millj. kr. Fjármagnsgjöld umfram fjármagnstekjur námu 27,4 millj. kr. Í A hluta voru rekstrartekjur 475,2 m. kr., rekstrargjöld 430,4 m. kr. og fjármagnsgjöld umfram fjármagnstekjur 21,7 m. kr.

Fastafjármunir voru í árslok 728,8 m. kr. veltufjármunir 104,7 m. kr. og eignir alls um 833,6 m. kr. Langtímaskuldir voru 275,0 m. kr., skammtímaskuldir 97,5 m. kr., lífeyrisskuldbinding 54,9 m. kr. og skuldir alls því um 427,3 m. kr.

Fyrir A hluta var veltufé frá rekstri 45,5 m. kr. og handbært fé frá rekstri 42,8 m. kr. Fyrir A og B hluta var veltufé frá rekstri 39,5 m. kr. og handbært fé frá rekstri 37,8 m. kr. Veltufjárhlutfall var 2,04, eiginfjárhlutfall 0,55 og skuldahlutfall 0,76.

Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum nam 22,5 m. kr. Tekin voru ný langtímalán að upphæð 45 m. kr. Handbært fé í ársbyrjun var 24,3 m. kr. en í árslok 42,2 m. kr.

Hærrí tekjur skýrast af hærrí framlögum úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga en ráð var fyrir gert. Lægri rekstarkostnaður skýrist af endurreikningi lífeyrisskuldbindinga sem gaf hægstæðari niðurstöðu en gert hafði verið ráð fyrir, En einnig hefur nokkur árangur náðst í almennri hagræðingu.

## Silfurtún

Samkvæmt ársreikningi Dalabyggðar nemur skuld Silfurtúns við sveitarsjóð 125,8 millj. kr. í árslok 2011.

Byggðarráð hefur unnið að hagræðingu á rekstri heimilisins á síðustu mánuðum. Meðal annars hefur hjúkrunarrýmum verið fjölgað en dvalarrýmum fækkað í samráði við Velferðarráðuneytið.

Eftir breytingarnar hefur heimilið leyfi fyrir 10 hjúkrunarrýmum og 2 dvalarrýmum. Starfsmannahald er miðað við þessi 12 rými. Auk þessa eru leigð út 3 rými til eldri borgara með takmarkaðri þjónustu frá heimilinu.

Auglýst hefur verið eftir hjúkrunarforstjóra sem gert er ráð fyrir að hefji störf 1. september.

## Framkvæmdir

Hafist hefur verið handa við endurbætur við Sælingsdalslaug og sett hefur verið upp varmadæla í Tjarnarlund.

Gert ráð fyrir að endurnýja slitlag á hluta Miðbrautar og leggja efra lag slitlags á endurvinnslustöð. Þá er unnið að undirbúningi umfangsmikilla endurbóta á Dalabúð og húsnæði og lóð grunnskólans.

Lagfæra á þak tilgátuhússins að Eiríksstöðum og síðar á árinu verður farið í töluverðar endurbætur á stjórnsýsluhúsinu í samvinnu við meðeigendur. Unnið er að undirbúningi vegna nýs urðunarstaðar fyrir grófgerðan úrgang í nágrenni Búðardals.

## Sælingsdalslaug

Sælingsdalslaug verður lokuð vikuna 4.-8. júní vegna viðhalds. Ef breytingar verða á tímasetningum, hvort sem er til lengingar eða styttingar, verða þær auglýstar á heimasíðum Dalabyggðar og Ungmennabúðanna.

## Framundan í Dölum

Kveðjumessa sr. Óskars Inga Ingasonar verður mánudaginn 28. maí, annan í hvítasunnu, kl. 14 í Hjar9203ðarholtskirkju.

Formleg opnun á vefnum [www.budardalur.is](http://www.budardalur.is) verður mánudagskvöldið 28. maí kl. 20 í Leifsbúð.

Á Eiríksstöðum verður opið 1. júní – 31. ágúst.

Byggðasafn Dalamanna verður opið 1. júní – 31. ágúst.

Upplýsingamiðstöð ferðamanna í Leifsbúð verður opin 1. júní – 31. ágúst.

Kvöldmót UDN verða 14. júní, 12. júlí og 26. júlí í Búðardal.

Hestaping Glaðs verður 16. - 17. júní.

Dagur hinna villtu blóma verður á Skarðsströnd 17. júní.

Sýningin Dalir og Hólar opnar 30. júní.

Bæjarhátíð í Búðardal verður helgina 6. - 8. júlí.

Dr. Sverrir Jakobsson sagnfræðiprófessor við HÍ verður með fyrirlestur á Nýp um sögu Breiðafjarðar 21. júlí.

Árleg Ólafsdalshátíð verður sunnudaginn 12. ágúst.

Hátíð verður að Röðli á Skarðsströnd laugardaginn 25. ágúst og árlegir Rökkurtónleikar í Skarðskirkju um kvöldið.

*Þeir sem vilja koma viðburðum á framfæri á vef Dalabyggðar geta sent upplýsingar á netfangið [safnamal@dalir.is](mailto:safnamal@dalir.is) eða [dalir@dalir.is](mailto:dalir@dalir.is). Einnig er hægt að skrá beint af heimasíðunni inn í atburðadagatalið. Myndir og fréttir frá viðburðum eru einnig alltaf vel þegnar á vefinn.*